

Styttar leiðbeiningar fyrir CuroCell SAM loftdýnur

A. Uppsetning

Ath. mjög mikilvægt að vita hvort um yfirdýnu eða heildýnu er að ræða.
Ef heildýna, 16cm þykk, grátt áklæði (innbyggð undirdýna) þá er dýna lögð beint á rúmbotn og fest með þar til gerðum böndum við ramma rúmsins.
Ef yfirdýna, 10cm þykk, blátt áklæði, þá er loftdýna lögð ofan á aðra dýnu og fest með teygjum á hornum.



Ath. sömu leiðbeiningar um pumpu og þrif fyrir heildýnu og yfirdýnu!

Pumpa er hengd á rúmgöfl og slöngur frá dýnu festar í pumpu. Mikilvægt að ventlar merktir CRP séu vel lokaðir (sjá mynd). Í neyðartilfellum eða þegar tæma á dýnu opnið þá þessa ventla til að hraða lofttæmingu.





B. Að hefja loftfyllingu

1. Kveikið á pumpu með því að þrýsta takka merktur 1 á hlið pumpunnar. Þá logar grænt ljós.
2. Pumpan byrjar þá að fylla dýnuna af lofti. Það tekur ca. 15-20 mín fyrir dýnuna að fyllast alveg.

C. Stilling pumpu

Stillið pumpu eftir þyngd skjólstæðings (sjá mynd til hliðar). Ofan á pumpunni er miði með leiðbeiningum um hversu hátt skal stilla pumpu miðað við þyngd.



kg		
0-20	1	2
30-50	2	3
60-70	3	4
80-90	4	5
100-120	5	6
130-150	6	7
160-180	7	8
190-200	8	8

D. Leiðbeiningar um þrif

Pumpa -

Þurrkið reglulega af pumpu með rökum klút og mildu efni. Má nota sprittlausn ef þörf krefur.

Dýnuáklæði -

Þolir sprittun. Má taka af og þvo við 95 gráður og fara í þurrkara.



Ath. ítarlegri upplýsingar er að finna í handbók sem fylgir hverri dýnu.